

**77. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
20. febrúar 2018 og hófst hann kl. 16:45**

Fundinn sátu:

Þórður Guðjónsson formaður, Sigríður Indriðadóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, deildarstjóri dagsstarfs Þorpsins, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1802023 - Leikskólar - fjölgun skipulagsdaga.

Erindi frá leikskólastjórum á Akranesi varðandi fjölgun skipulagsdaga fyrir starfsmenn.

Skóla- og frístundaráð þakkar leikskólastjórum fyrir erindið.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að falla frá fyrri ákvörðun fjölskylduráðs að binda tvo skipulagsdaga leikskólanna við fyrsta virkan dag nýs ár og fyrsta dag eftir páskaleyfi. Ennfremur samþykkir ráðið að hálfur mannauðsdagur Akraneskaupstaðar, sem haldinn er annað hvert ár, verði til viðbótar við þá fjóra skipulagsdaga sem fyrir eru.

Þórður Guðjónsson formaður tekur sæti á fundinum kl. 17:00.

2. 1504007 - Verklagsreglur um starfsemi leikskóla Akraneskaupstaðar

Lögð fram tillaga að endurskoðuðum verklagsreglum um starfsemi leikskóla.

Framlögð tillaga er samþykkt.

Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóri vísar af fundinum kl. 17:45.

3. 1802150 - Þorpið - þróunarverkefni / þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs

Kynning á þróunarverkefni Þorpsins sem hlaut styrk úr þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs.

Skóla- og frístundaráð þakkar deildarstjóra dagstarfs Þorpsins fyrir kynninguna.

Ruth Jörgensdóttir tekur sæti sem fulltrúi Þorpsins á fundinum kl. 17:45.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:45.

Ásthildur Ósk Ragnarsd.
Sigrún Inga Guðnadóttir
Kristinn H. Sveinsson

Valgerður Janusdóttir
Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir